

FRÉTTABRÉF FORELDRAFÉLAGS GRUNNSKÓLA SELTJARNARNESS

NÓVEMBER 2012

FORELDRAFELAG@GRUNNSKOLI.IS

Foreldrafélagið og skólaárið 2012-2013

Meginmarkmið foreldrasamstarfs í Grunnskóla Seltjarnarness er að stuðla að samstarfi heimila og skóla. Til að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði er mikilvægt að foreldrar, kennarar, skólustjórnendur og skólanefnd taki virkan þátt í að móta skólasamfélagið. Mikilvægt er að þessir aðilar hafi jákvætt viðhorf til samstarfsins og séu viljugir til að vinna saman að velferð nemenda.

Á hverju ári kjósa foreldrar níu fulltrúa í stjórn foreldrafélagsins sem tilnefna síðan tvo fulltrúa til setu í skólaráði og einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Foreldrafélagið skipuleggur ýmsa félagslega atburði þar sem markmiðið er að færa heimilin nær skólanum og bjóða upp á skemmtilegar fjölskyldustundir. Þetta eru

viðburðir eins og:

- Aðventustundin
- 1. des. dansleikurinn
- Öskudagur
- Árleg vorhátíð

Öllum er velkomin þátttaka í skipulagningu viðburða hvort sem þeir eru í stjórn félagsins eða ekki.

Margir viðburðanna eru skipulagðir með það í huga að systkini, afar, ömmur og aðrir í fjölskyldu nemandans geta tekið þátt í þeim.



Grunnskóli Seltjarnarness varð til með sameiningu grunnskólanna á Seltjarnarnesi, Mýrabúsaskóla og Valbúsaskóla, í einni grunnskóla frá 1. ágúst 2004. Mýrabúsaskóli hafði starfað frá 1875 en Valbúsaskóla var stofnaður út úr Mýrabúsaskóla árið 1974 og starfaði því sjálfstætt í 30 ár

FRÉTTABRÉF FORELDRAFÉLAGS GRUNNSKÓLA SELTJARNARNESS

Fréttabréfið er málagn foreldra barna við Grunnskóla Seltjarnarness. Það kemur út tvisvar sinnum á ári og er dreift rafrænt á alla foreldra. Í því má finna upplýsingar um starfsemi foreldrafélagsins auk aðsendra greina þar sem gerð er grein fyrir því sem helst er á döfinni í skólasamfélaginu.

Skólaráð

Skólaráð er samráðsveitvangur skólustjóra og skólasamfélags um skólahald. Í grunn-skólalögum er kveðið á um að skólaráð skuli vera starfandi við alla grunnskóla landsins.

Skólaráð skal skipað tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, einum fulltrúa úr grenndarsamfélaginu auk skólustjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess.

Hlutverk skólaráðs er m.a. að fjalla um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð tekur þátt í stefnu-mörkun fyrir skólann og mótun

sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald. Skólaráð fundar annan hvern mánuð en hægt er að nálgast fundagerðir þeirra funda inni á vef skólans undir foreldrar – skólaráð - fundagerðir.

Foreldrar eru hvattir til að leita til fulltrúa foreldra í skólaráði með öll þau málefni sem brenna á þeim og falla undir verksvið ráðsins



VEIST ÞÚ?

- Hver niðurstaða [úttektar Mennta- og menningarmálaráðuneytisins](#) á Grunnskóla Seltjarnarness í maí 2012 var?
- Að allar [fundargerðir](#) Foreldrafélagsins má finna á vef skólans?
- Hvernig Grunnskóli Seltjarnarness kom út í [Skólapúlsinum](#)?
- Að [kennsluáætlanir](#) fyrir alla bekkir er að finna á vef skólans?
- Að til er [skólahandbók](#) Grunnskóla Seltjarnarness?
- Að ýmis [námsstengd forrit og leiki](#) má finna á nemendasíðum Grunnskóla Seltjarnarness?
- Að til er [foreldrasáttmáli](#) sem nálgast má á vef Heimilis og skóla?
- Að [ýmsar greinar um hagsmunamál](#) foreldra og barna má finna á vef Heimilis og skóla?



Edda Andradóttir,
formaður

Frá formanni foreldrafélagsins

Kæru foreldrar.

Það er hlutverk foreldrafélagsins að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimilis og skóla. Foreldrafélaginu er ætlað að vera tæki til þess að gefa foreldrum aukið vægi í skólastarfinu og tryggja betur

að rödd foreldra heyrir. Til þess að það takist, þurfið þið að vera vakandi og fylgjast með því sem stjórnin er að gera hverju sinni. Það getið þið gert t.d. með því að skoða öðru hvoru fundargerðir foreldrafélagsins og skólaráðs sem finna má á heimasíðu skólans. Þar er einnig að finna

alls konar upplýsingar frá skólanum sjálfum. Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur starfsemi foreldrafélagsins og koma athugasemdum á framfæri við stjórnina ef þið teljið þörf vera á. Við erum hér fyrir ykkur og með ykkur.

Edda Andradóttir

Félagsmiðstöðin Selid

Félagsmiðstöðin Selid við Suðurströnd opnaði að nýju þann 3. október síðastliðinn eftir eins og háls árs húsnæðisleysi. Margítrekuð óhöpp riðu yfir kjallarann okkar þegar viðgerðir við húsið hófust. Má segja að þetta hafi verið lyginni líkast, þrjú vatnstjón sem skemmdu meðal annars parket á sal og síðan leki í lofti og veggjum út frá ný ísettum gluggum.



En þó svo að við værum á flakki með starfsemi Selsins milli Félagsheimilis og Valhúsaskóla síðastliðinn vetur, gengu verkefni og félagslíf unglinga ótrúlega vel miðað við aðstæður.

Yfir vetrarmánuðina vinnur Selid aðallega með 13-16 ára nemendum Valhúsaskóla. Starfsemin er þó ekki einskorðuð við þennan aldur og má segja að í dag sé félagsstarf fyrir allan aldur í Selinu.

Selid skipuleggur og heldur utan um félagslíf Valhúsaskóla ásamt nemendaráði skólans og félagsmálafræðibekknunum. Starfsmaður Selsins kennir félagsmálafræði sem er valgrein fyrir 8.-10. bekkina í

Valhúsaskóla. Á þriðjudögum er 7. bekkur í Selinu og eru það 7. bekkjarráð Valhúsaskóla og starfsfólk Selsins sem skipuleggja starfið.



Víkulega eru 16 ára og eldri með kvöld í Selinu sem Ungmennaráð Seltjarnarness heldur utan um. Billjardhópur eldri borgara er með tvo morgna í viku í Selinu auk þess eru Ungmennaráð Seltjarnarness og eldri borgarar með eitt sameiginlegt kvöld í mánuði, þar sem að ungir og aldnir koma saman og skemmta sér saman í ýmskonar félagsstarfi. Hljómsveitarastaða er í Selinu sem bæjarbúar geta fengið afnot af. Hljómsveitirnar sem æfa í aðstöðunni eru af öllum stærðum og gerðum og eru hljómsveitarmeðlimir allt frá 13 ára upp í 60 ára.

Skátastarf Ægisbúa er með útibú í Selinu þar sem að hópur átta og níu ára barna hittist á mánudögum. Má með sanni segja að það sé líf og fjör í Selinu alla daga frá morgni til kvölds.

Ný og glæsileg heimasíða var opnuð í september, www.selid.is. Eins er Selid á facebook. Starfsmenn Selsins eru 6 talsins og eru þeir með kennaramenntun eða í tómstunda- og félagsmálafræðinámi Menntavísindasviðs HÍ.

Starfsmenn Selsins hlakka til samstarfsins með bæjarbúum og án efa munum við eiga góðan og skemmtilegan vetur framundan.

Með kveðju,

Margrét Sigurðardóttir,

Æskulýðsfulltrúi Seltjarnarness og forstöðumaður Selsins.



Aðventustund



Þann 24. nóvember næstkomandi mun Foreldrafélag Grunnskóla Seltjarnarness í samstarfi við Bókasafn Seltjarnarness og Tónlistarskólann standa fyrir hinum árlega laufabrauðs-degi.

Boðið verður upp á þægilegt andrúmsloft í heimilisfræðistofu

Mýrarhúsaskóla þar sem rithöfundar koma og lesa upp úr bókum sínum og tónlistarfólk syngur og spilar fyrir gesti.

Dagskrá

- Þórdís Gísladóttir—Randalín og Mundi
- Guðmundur S. Brynjólfsson—Kattasamsærið
- Bókabeitur—Rökkurhæðir: Ófriður
- Tónlistaratriði

Húsið opnar klukkan 10 og fólk er velkomið hvenær sem er yfir daginn til klukkan 14. Foreldrafélagið býður gestum upp á heitt kakó og piparkökur.

Taka þarf með:

- Útskurðarverkfæri
- Geymslubox
- Bretti
- Jólaskap
- Svuntur fyrir steikinguna

LAUFABRAUÐ

„LAUFABRAUÐ EÐA
KÖKUR AF HVEITIDEIGI,
VÆTTU Í SYKUR-
BLANDINNI GÓÐRI MJÓLK
EÐUR RJÓMA,
ÚTSKORNAR ÝMISLEGA,
OG SOÐNAR Í BRÆDDU
SMJÖRI, ERU SVO
ALGENGIN, AÐ FRÁ ÞEIM
ÞARF EKKI MEIRA AÐ
SEGJA.“



Bekkjarfulltrúar

Allir bekkir skólans eiga sér tvo bekkjarfulltrúa. Þeirra hlutverk er að styðja við samstarf foreldra, nemenda og kennara innan hvers bekkjar. Verkefni bekkjarfulltrúa eru til dæmis að:

- Skipuleggja bekkjarkvöld að minnsta kosti einu sinni á önn þar sem börnin í bekknum og foreldrar þeirra hittast og gera eitthvað skemmtilegt saman
- Aðstoða kennara við að skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfi (t.d. vegna vettvangsferða)

- Koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við kennara
- Vera tengiliður foreldra innbyrðis (t.d. senda út bekkjarlista með símanúmerum)
- Hafa frumkvæði að því að sem flestir foreldrar séu virkir í bekkjarstarfinu
- Vera tengiliður foreldra við stjórn foreldrafélagsins

Næsti viðburður



Árgjald foreldrafélagsins

Árgjald fyrir skólaárið 2012-2013 hefur verið ákveðið kr. 2000,- á barn. Ofan á það leggjast svo 120 kr. sem bankinn tekur fyrir þjónustu sína. Innheimtur hafa reynst mun betri eftir að farið var með þær í gegnum bankann, en í fyrra greiddu næstum 90% foreldra árgjaldið.

Þeir peningar sem koma inn eru notaðir til þess að fjármagna ýmislegt sem foreldrafélagið stendur

fyrir eða tekur þátt í. Má þar nefna jólaskemmtun, vorhátíð og útskrift 10. bekkjar.

Rekstarhagnaður var síðasta skólaár og var hann m.a. notaður til að kaupa borðtennisborð í Való og bæði hljómteki og hljóðfæri í Mýró.

Björgúlfur Ólafsson, gjaldkeri

Foreldrarölt

Seltjarnarnes er eitt af fáum bæjarfélögum á Íslandi sem hefur starfrækt foreldrarölt sleitulaust í nær tvo áratugi eða frá árinu 1996.

Upphaf skipulagðs foreldrarölds á Seltjarnarnesi má rekja til þess að foreldra vildu taka höndum saman og leggja sitt af mörkum til þess að gera þetta litla samfélag á Seltjarnarnesi öruggt og gott fyrir börn og unglunga. En hvað er foreldrarölt?

Foreldrarölt er sjálfbóðaliðastarf foreldra og það er venjulega skipulagt af foreldrafélagi viðkomandi skólahverfis.

Markmið foreldrarölds er að virkja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivist barna og unglunga og koma í veg fyrir hópamyndun unglunga eftir lögbundinn útivistartíma. Foreldraröltið á Seltjarnarnesi er skipulagt í samstarfi við félagsmiðstöðina Selið en nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness.

Frá því að Seltirningar fóru að röltu hafa orðið miklar breytingar á útivistartíma unglunga á Nesinu.

Heyrir það nú til undantekninga að sjá börn og unglunga á rangli um bæjarfélagið eftir lögbundinn útivistartíma.



Umhverfismálin og Grænáninn

Skólinn sótti um að taka þátt í Grænánaverkefninu síðla hausts árið 2007 og varð þá skóli á grænni grein. Í desember árið 2009 var svo sótt um Grænánann sjálfan og veitti skólinn honum viðtöku vorið 2010 til tveggja ára. Laufey Alda Sigvaldadóttir kennari hefur haldið utan um verkefnið og sinnt hlutverki verkefnisstjóra. Í tengslum við verkefnið hefur umhverfisnefnd starfað við skólann frá þátttökuárinu 2007 en í nefndinni hafa setið fulltrúar starfsfólks, stjórnenda, kennara, foreldra og nemenda úr báðum byggingum skólans. Skólaárið 2010-2011 var nemendum í umhverfisnefndinni fjölgað, þannig að hver árgangur á einn fulltrúa í nefndinni. Fulltrúarnir sitja í nefndinni í 2 ár í senn en þá er skipt um nefndarfolk. Næstum ný umhverfisnefnd mun taka til starfa nú í nóvember.



Umhverfisnefnd skólaárið 2011-2012

Þar sem Grænáninn er endurnýjaður á tveggja ára fresti var útbúin greinargerð um stöðu verkefnisins sl. vor og markmið sett til næstu tveggja ára. Helstu áherslumálin eru þrjú:

- flokkun, endurvinnsla og endurnýting
- útikennsla
- samgöngur

Til að fá Grænánann endurnýjaðan þarf skólinn að standast úttekt Landverndar á verkefninu. Skólinn þurfti m.a. að hafa uppfyllt markmið Grænánaverkefnisins og fá nýju markmiðin samþykkt. Svo ánægjulega vill til að nýverið fékk skólinn formlega staðfestingu á því að Grænáninn verður endurnýjaður til næstu tveggja ára.

Meðal þeirra verkefna sem unnin hafa verið í skólanum í tengslum við Grænánastarfið má nefna að vikuna 24.-28. september var

umferðar- og umhverfisvika hér í skólanum.



Útikennsla



Göngur í skólann

Nemendur unnu margvísleg verkefni þessa viku sem tengdust viðfangsefnunum. 1. bekkur lærði um flokkun og nánasta umhverfi, 2. bekkur vann verkefni sem tengdist umferðarmerkjum, 3. bekkur vann verkefni um tré og 4. bekkur vann með þjóðgarða og friðlýst svæði á Íslandi. 5. bekkur vann með landshlutana fjóra, kynntust örnefnum, gróðurfari, landslagi og teiknuðu kort. 6. bekkur fór m.a. út að tína rusl í kringum skólann og mældi hraða bíla sem keyrðu framhjá næsta nágrenni skólans.

Á vordögum voru einnig þemadagar í skólanum, svokallaðir fjölgreindarleikar, en þá voru skipulagðar nokkrar stöðvar með Grænánastarfið í huga.

Laufey Sigvaldadóttir

FORELDRAFÉLAG GRUNNSKÓLA SELTHJARNARNESS

Edda Björk Andradóttir	Formaður og tengiliður við Selið	edda@juris.is
Björgúlfur Ólafsson	Gjaldkeri	bjorgulfur@gmail.com
Þórarinn S. Arnarsson	Ritari	thsa@os.is
Arndís Vilhjálmsdóttir	Ritari	arndisv@gmail.com
Halldóra Pálsdóttir	Fulltrúi í skólaráði	halldorapals@gmail.com
Helga Ólafsdóttir	Fulltrúi í skólaráði og tengiliður við Heimili og skóla	helga@theochem.is
Magnús Ö. Guðmarsson	Umsjón með atburðum	magnus@101hotel.is
Sigurlína M. Magnúsdóttir	Fulltrúi í skólaráði	linamagga@me.com